

Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029, og Ungmennafélag Selfoss, kt. 660269-6659, gera með sér eftirfarandi

samkomulag

Markmið samkomulagsins er að áfram verði haldið uppi því metnaðarfulla starfi í handbolta sem vakið hefur mikla athygli á landsvísu, m.a. með frábærum árangri og mikilvægu hlutverki Selfyssinga í landsliðum. Handboltadeild UMF Selfoss er íbúum sveitarfélagsins sameiningartákn og færir þeim fyrirmyndir sem stuðla að heilbrigðara samfélagi og sterkri sjálfsmynd.

Áskoranir handboltadeildar UMF Selfoss hafa verið miklar í heimsfaraldri Covid-19. Erfiðar aðstæður leiddu til 16 milljóna króna taps deildarinnar árið 2021 og fyrirséð er tap fyrrihluta árs 2022 upp á 5 milljónir króna.

Vegna ofangreindra aðstæðna mun Sveitarfélagið Árborg greiða UMF Selfoss sérstakan styrk árið 2022 að fjárhæð 21 milljón króna sem ætlað er að leysa vanda handboltadeildar. Á móti afsalar UMF Selfoss sér til sveitarfélagsins eftirfarandi styrkjum vegna handboltadeildar árin 2023-2027 og falla þeir þar með niður og/eða koma ekki til greina við framlengingu heildarsamninga sveitarfélagsins og UMF Selfoss:

- styrk vegna starfsmanns deildarinnar sem árið 2021 var alls kr. 4.093.000,
- styrk vegna reksturs mfl. handboltadeildar sem árið 2021 var kr. 1.300.000,
- styrk vegna stöðu sem fyrirmyndarfélags, sem árið 2021 var kr. 500.000.

Fram til ársins 2027 mun UMF Selfoss skila Sveitarfélaginu Árborg skýrslu um rekstrarstöðu handboltadeildar félagsins að loknum hverjum sex mánuðum, í júlí og janúar. Verði rekstrarhorfur neikvæðar í slíkri skýrslu skulu fylgja áætlanir um áform til að leiðrétta stöðuna.

Stjórn UMF Selfoss hefur kynnt samkomulag þetta fyrir öllum deildum félagsins og fengið samþykki fyrir því, enda er það gert er vegna sérstakra og krefjandi aðstæðna.

Selfossi 3. mars, 2022,

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar,

Fyrir hönd UMF Selfoss,

Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri

Viktor S. Pálsson, formaður UMF Selfoss

Undirskrift og kennitala votta:

